

Alþingi
B.t. Nefndasviðs,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Umferðarstofu um þingsályktunartillögu um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. Þingskjal 7 - 7. mál.

Þann 21. október sl. óskaði Atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn Umferðarstofu um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir því að námskrá fyrir almenn ökuréttindi (flokkur B) verði endurskoðuð með það fyrir augum að vistakstur verði grunnþáttur í verklegum hluta kennslunnar.

Umferðarstofa fagnar þessu en bendir á að núverandi námskrá fyrir almenn ökuréttindi, sem tók gildi í janúar 2010, tekur mið af nauðsyn þess að lögð sé aukin áhersla á vistakstur í ökunámi. Í ljósi þess var nýjum kafla, þ.e. kafla 2.2.8., bætt inn í námskránnar en þar segir:

„2.2.8 Vistakstur

Neminn kunnir að aka með hagkvæmnum hætti með það fyrir augum að

- lágmarka eldsneytiseyðslu
- draga úr sliti vélar og álagsflata
- draga úr mengun umhverfis
- auka umferðaröryggi.“

Áherslur í bóklega hluta námskrárinnar, sbr. 3. kafla hennar, eiga síðan að styðja við framangreind markmið, enda gert ráð fyrir að bóklegt og verklegt ökunám sé samþætt eftir því sem unnt er. Gegnumgangandi þráður í ökunámi er að stuðla að því að ökunemi temji sér tillitssaman og framsýnan akstur og skilji betur þýðingu þess bæði fyrir öryggi, umhverfi og fjárhag.

Umferðarstofa styður allar tillögur sem fela í sér aukið öryggi ökumanna og verndun umhverfis og því voru m.a. ofangreindar breytingar gerðar á námskrá á síðasta ári.

Í samræmi við þá þróun að leggja aukna áherslu á vistakstur í ökunámi, er nú gerð krafa um að prófdómari í verklegu ökuprófi skuli meta hvort umsækjandi sýni að hann hafi



UMFERÐARSTOFA

næga aksturshæfni og hafi tileinkað sér vistakstur. Er kveðið á um þetta í 3. tölul. 3. mgr. c-liðs 18. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 830/2011, en sú reglugerð tók gildi þann 9. september sl., eða fyrir rétt rúmum mánuði síðan.

Eins og sést á framangreindu hafa á síðustu misserum verið tekin stór skref hvað varðar aukna áherslu á vistakstur í ökunámi, en stutt er síðan hvorki var kveðið á um skyldu til kennslu ökukennara né kunnáttu ökunema í vistakstri, eins og nú er orðin raunin.

Loks ber að geta að einnig væri áhugavert að skoða sérstaklega aðgerðir sem stuðla að almennri endurmenntun ökumanna með vistakstur í huga en í drögum Umferðarstofu að námskrá vegna endurmenntunarnámskeiða ökumanna sem aka stórum bifreiðum í atvinnuskyni er m.a. gert ráð fyrir að af 35 kennslustundum sé 7 kennslustundum varið sérstaklega til kennslu í vistakstri og öryggi í akstri.

Virðingarfyllst,

Daniel Reynisson

Daniel Reynisson, lögfr.

Holger Þorp

Holger Þorp, verkefnastjóri.